



Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær  
Axel Rodriguez Överby  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafjörður



Reykjavík, 1. nóvember 2017  
Tilvísun: 201703088 / 5.2


## Efni: Aukin framleiðsla á laxi um 5.800 tonn í Dýrafirði á vegum Arctic Sea Farm - beiðni um umsögn

Arctic Sea Farm hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttækin 25. október 2017, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort umsagnaraðili geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 20. nóvember 2017 og einnig á tölvupóstfang: [omar@skipulag.is](mailto:omar@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

  
Ómar Ingbórsson

Umsagnaraðilar: Ísafjarðarbær, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofa og Umhverfisstofnun.